

**1989 nr. 88 29. maí****Þjóðminjalög****I. kafli. Stjórn og skipulag þjóðminjavörslu.**

■ **1. gr.** [Tilgangur þessara laga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar. Löggin kveða á um starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna, fjalla um fornminjar, kirkjugripi og minningarmörk, auk friðunar húsa og annarra mannvirkja.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 94/1997, 1. gr.

■ **2. gr.** [Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu.

□ Menntamálaráðherra skipar þjóðminjaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, Félag íslenskra safnamanna einn, Háskóli Íslands einn, Hið íslenska kennarafélag og Kennarasamband Íslands einn sameiginlega og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þjóðminjavörður og [staðgengill hans],<sup>1)</sup> ásamt einum fulltrúa tilnefndum af föstum starfsmönnum safnsins úr þeirra röðum, eiga setu á fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

□ Hlutverk þjóðminjaráðs er að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og þjóðminjavörsluna í heild og hafa yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Ráðið er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands og hefur umsjón með rekstri þess. Að öðru leyti sinnir ráðið þeim verkefnum sem því eru sérstaklega falin í lögum þessum.

□ Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu. Hann er forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands og framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs. Forseti Íslands skipar þjóðminjavörð til fimm ára í senn að tillögu menntamálaráðherra sem leita skal umsagnar þjóðminjaráðs. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu og reynslu af stjórnunarstörfum.

□ Birta skal árlega starfsskýrslu þjóðminjaráðs og Þjóðminjasafns Íslands.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 94/1997, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 98/1994, 1. gr.

■ **3. gr.** [Þriggja manna fornleifanefnd fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsóknna og er Þjóðminjasafni Íslands til ráðgjafar um fornleifavörslu, fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir. Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fjögurra ára í senn. Háskóli Íslands og Félag íslenskra fornleifafræðinga tilnefna einn fulltrúa hvor og skulu þeir hafa háskólapróf í fornleifafræði sem aðalgrein. Þjóðminjaráð tilnefnir einn fulltrúa. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þjóðminjavörður, eða fulltrúi hans, situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 2. gr.

■ **4. gr.** [Landinu skal skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðminjaráðs.

□ Á hverju minjasvæði skal starfa einn minjavörður. Hlutverk minjavarða er að hafa umsjón með menningarminjum og fornleifavörslu, skráningu og eftirliti forngripa og gamalla bygginga og vera byggðasöfnun til ráðuneytis og aðstoðar. Minjavarðir skulu að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun á sviði menningarsögu eða fornleifafræði.

□ Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu. Aðra minjavarði ræður þjóðminjavörður til fimm ára í senn sam-

kvæmt tillögu þjóðminjaráðs. Þeir eru starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands. Heimilt er þó að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 3. gr.

**II. kafli. Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn.**

■ **5. gr.** [Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu.

□ Um skipulag safnsins skal mælt fyrir í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Sérstöfn geta haft stöðu deilda í Þjóðminjasafni.

□ Þjóðminjavörður ræður starfsmenn Þjóðminjasafns. Skulu yfirmenn stjórnunareininga safnsins og aðrir sérfræðingar hafa sérfræðimenntun á starfssviði sínu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 94/1997, 3. gr.

■ **6. gr.** [Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 7. gr. og hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjaráðs.

□ Þau söfn, sem uppfylla skilyrði þjóðminjaráðs, geta sótt um styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar.

□ Byggðasöfn geta verið sjálfseignarstofnanir eða í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka. Setja skal hverju byggðasafni stofnskrá þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn safnsins, eignaraðild að því, þátttöku ríkisins í kostnaði við það og ráðningu forstöðumanns. Ríkisstyrkur til byggðasafns er háður því að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt stofnskrá þess að fenginni tillögu þjóðminjaráðs.

□ Menntamálaráðherra setur reglugerð um byggðasöfn að fenginni tillögu þjóðminjaráðs.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 5. gr.

■ **7. gr.** Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi.

□ Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngríp, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir, kvikmyndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti. Til slíkra minja geta einnig talist staðir sem tengjast menningarsögu.

□ Þjóðminjar teljast þær minjar um menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðun, sbr. 17., 29. og 34. gr.

□ Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlög eða landsfjórðung.

□ [Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 6. gr.

■ **8. gr.** Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfnin skulu vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum. Friðaðar fornminjar og mannvirki skulu og vera til sýnis þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar aðstæður leyfa.

□ Söfnin og starfsemi þeirra skulu kynnt nemendum í samráði við skóla og fræðslufirvöld, ýmist í söfnunum eða skólum. Einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í söfnum og ríkisfjölmiðlum.

■ **9. gr.** Söfnin mega eigi taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

□ Gjafir og fjárframlög til Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

■ **10. gr.** Heimilt er að lána gripi úr söfnunum til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra. Jafnframt er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripi til annarra safna eða kirkna, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem safnstjórn ákveður.

■ **11. gr.** [Ekki má nota myndir af gripum safnanna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 7. gr.

■ **12. gr.** [Á hverju minjasvæði, sbr. 4. gr., skal starfa minjaráð sem skipað er forstöðumönnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um og samhæfa starfsemi safnanna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 8. gr.

■ **13. gr.** Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á hún þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjaráð húsnæðið og stofnkostnað.

□ Framlag ríkissjóðs skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar og innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem safnstjórn gerir við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.

□ Laun forstöðumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaráði, skulu greidd að hálfu úr ríkissjóði.

■ **14. gr.** Byggðasöfn senda minjaverði viðkomandi svæðis árlega starfsskýrslu sína ásamt ársreikningi og fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs. Minjavörður leggur gögn þessi fyrir þjóðminjaráð ásamt umsögn sinni. Útdrátt úr ársskýrslum byggðasafna skal birta í ársskýrslu þjóðminjaráðs.

■ **15. gr.** Nú telur þjóðminjavörður að byggðasafni, sem hlýtur ríkisstyrk, sé hætta búin sökum vanhírðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhírðu getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra ráðstafað gripum safnsins til varðveislu í Þjóðminjasafni Íslands eða öðru byggðasafni.

### III. kafli. Fornminjar.

#### A. Fornleifar.

■ **16. gr.** Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

□ [Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 9. gr.

■ **17. gr.** [Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifaneftar komi til.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 10. gr.

■ **18. gr.** [Þjóðminjasafn Íslands lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess og skal Þjóðminjasafn eiga samvinnu við skipulagsyfirlönd um það.

□ Þjóðminjasafn ákveður í samráði við fornleifaneftar hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Auðkenna skal friðlýstar fornleifar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Til kynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsingu. Þjóðminjasafn gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti.

□ Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort.

□ Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 11. gr.

■ **19. gr.** [Skylt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 12. gr.

■ **20. gr.** [Nú finnst fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er.]<sup>1)</sup> Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifaneftar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 13. gr.

■ **21. gr.** [Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega

breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.<sup>1)</sup>

□ Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknnum.

□ Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 14. gr.

■ **22. gr.** [Þjóðminjasafn Íslands fer með yfirstjórn og annast eftirlit rannsókna á fornleifum í landinu. Þegar fornleifanefnd veitir leyfi til stað- og tímabundinna rannsókna, sbr. 3. gr., skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá sem slíkt leyfi fær hlíta þeim reglum sem fornleifanefnd setur þar að lútandi,<sup>1)</sup> svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina. Rannsóknir útlendinga skulu vera undir yfirumsjón Þjóðminjasafns. . . .<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 157/1996. <sup>2)</sup> L. 94/1997, 4. gr. <sup>3)</sup> L. 98/1994, 15. gr.

■ **23. gr.** [Þjóðminjasafn Íslands hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með grefti eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 16. gr.

■ **24. gr.** [Óheimil er öðrum en starfsmönnum Þjóðminjasafns Íslands notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngrípum í jörðu nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 17. gr.

■ **25. gr.** Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs friðuðum fornleifum.

#### B. Forngrípir.

■ **26. gr.** [Forngrípir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngrípir finnast sem liggja eða legið hafa í jörðu skal finnandi tilkynna Þjóðminjasafni Íslands fundinn svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki haggja við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætta á að munir spilltust eða færur forgörðum.

□ Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkómum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

□ Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngrípi sker þjóðminjaráð úr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 18. gr.

■ **27. gr.** Greiða skal finnanda útgjöld, sem hann hefur haft, vegna fundar forngríps.

□ Nú finnst forngrípur úr gulli eða silfri, þar á meðal gullpeningar eða silfurpeningar, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á tíu af hundraði. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda.

□ Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

■ **28. gr.** . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 1. gr.

#### IV. kafli. Kirkjugrípir og minningarmörk.

■ **29. gr.** Þjóðminjavörður ákveður í samráði við þjóðminjaráð friðun og forvörslu kirkjugrípa sem varðveittir eru í kirkju

um landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

□ Þjóðminjavörður friðar einnig þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

□ Halda skal nákvæma skrá yfir friðaða kirkjugrípi og minningarmörk.

■ **30. gr.** Munir, sem á friðunarskrá eru teknir skv. 29. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

□ Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugrípi.

□ Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í 17. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Ná l. 36/1993.

■ **31. gr.** Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta gripi hverrar kirkju og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té sóknarprestum, próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

■ **32. gr.** Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugrípi og þá gripi sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

■ **33. gr.** Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til safns skv. 32. gr. eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófests. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur og safnaðarkirkjur.

□ Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugrípum í einkaeign ef seldir verða.

#### V. kafli. Friðun húsa og annarra mannvirkja.

■ **34. gr.** Friða má mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis hins friðaða mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa slíkt gildi eða framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem best varðveislu þess mannvirkis sem um ræðir.

■ **35. gr.** Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafríðunarnefndar ríkisins.

□ Í húsafríðunarnefnd eiga sæti fimm menn. Menntamálaráðherra skipar fjóra menn til fimm ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu þjóðminjaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, en auk þeirra á þjóðminjavörður sæti í nefndinni. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. [Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.]<sup>1)</sup>

□ Hlutverk húsafríðunarnefndar ríkisins er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar í umboði þjóðminjaráðs, að meta hvaða hús sé ráðlegt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til ráðherra. Nefndin skal hafa samráð við minjavörð þegar fjallað er um hús eða mannvirki á því svæði sem hann hefur umsjón með. Einnig úthlutar húsafríðunarnefnd ríkisins styrkjum úr húsafríðunarsjóði.

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 19. gr.

■ **36. gr.** Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, skulu vera friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

□ Skylt er eigendum húsa, sem reist eru fyrir árið [1918],<sup>1)</sup> að tilkynna minjavörðum og húsafríðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

□ Húsafríðunarnefnd skal innan þriggja vikna tilkynna viðkomandi aðilum hvort hún telur ástæðu til fríðunar.

□ Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, sinni tilkynningar-skyldu sinni.

<sup>1)</sup> L. 94/1997, 5. gr.

■ **37. gr.** Ákvörðun um fríðlýsingu skal tilkynna húseiganda, öðrum þeim sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu um það til hvers fríðunin nær.

□ Þinglýsa skal fríðun sem kvöð á fasteign sem í hlut á og skal auglýst í Stjórnartíðindum um hverja fríðlýsingu. [Þinglýsingarstjóri]<sup>1)</sup> skal tilkynna húsafríðunarnefnd ef þinglesin eru eigendaskipti að fríðaðri húseign.

□ Heimilt er að fella niður fasteignagjöld af fríðuðum húsum.

<sup>1)</sup> L. 92/1991, 101. gr.

■ **38. gr.** Telji húsafríðunarnefnd ríkisins hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt eða listrænt gildi en hefur þó ekki verið fríðað, verði rífið eða gildi þess rýrt á nokkurn hátt getur hún ákveðið skyndifríðun viðkomandi húss.

□ Skyndifríðun tekur gildi þegar húsafríðunarnefnd ríkisins hefur tilkynnt með tryggilegum hætti öllum hlutaðeigandi aðilum, sbr. 37. gr., um ákvörðun sína og gildir hún í tvær vikur. Skyndifríðun þarf ekki að þinglýsa.

□ Á meðan skyndifríðun stendur yfir gilda að öðru leyti allar reglur venjulegrar fríðunar.

□ Menntamálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsafríðunarnefndar ríkisins hvort fríða skuli viðkomandi hús áður en skyndifríðun lýkur.

■ **39. gr.** Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á fríðaðri húseign án leyfis húsafríðunarnefndar ríkisins.

□ Við endurbætur og viðhald fríðaðra fasteigna skal leit að álits og samþykkis húsafríðunarnefndar ríkisins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á fríðuð hús.

□ Vilji eigandi fríðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til skv. 1. mgr., skal hann þá í umsókn sinni til húsafríðunarnefndar ríkisins lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan þriggja vikna, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti öðrum en þeim sem í umsókn greinir er eiganda skylt að hlíta því. Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem af fyrirætlum nefndarinnar leiðir.

■ **40. gr.** Ef breytingar hafa verið gerðar á fríðuðu húsi án leyfis húsafríðunarnefndar getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið í hið fyrra horf innan hæfilegra tímamarka. Nú sinnir eigandi ekki fyrirætlum nefndarinnar og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

■ **41. gr.** Ef vanrækt er viðhald fríðlýsts húss getur húsafríðunarnefnd lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur án þess að úr sé bætt og getur þá húsafríðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

■ **42. gr.** Nú verður fríðuð eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafríðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá

fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbýggingu gilda ákvæði 39. gr.

■ **43. gr.** Nú vill eigandi fríðaðs húss rífa húsið eða flytja það af stað sínum og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafríðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan þriggja vikna, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrið eða brottflutning skal aflýsa fríðunarkvöðinni eða skilgreina að nýju til hvaða þátta fríðun hússins nær.

■ **44. gr.** Ef byggingarnefnd hefur orðið vör við að fríðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið skal hún gera húsafríðunarnefnd viðvart.

■ **45. gr.** Húsafríðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á fríðaðri eða fríðlýstri eign sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

■ **46. gr.** Starfrækja skal húsafríðunarsjóð til að stuðla að varðveislu og viðhaldi fríðaðra húsa.

□ [Tekjur sjóðsins eru:

1. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
2. framlag sveitarfélaga,
3. frjáls framlög.

□ Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags.]<sup>1)</sup>

□ Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga nr. 73/1980,<sup>2)</sup> um tekjustofna sveitarfélaga.

□ [Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið bankastofnun nema húsafríðunarnefnd ákveði aðra tilhögun að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 144/1995, 5. gr. <sup>2)</sup> Nú l. 4/1995. <sup>3)</sup> L. 94/1997, 6. gr.

■ **47. gr.** Hlutverk húsafríðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á fríðuðum húsum og mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra húsa en fríðaðra sem að dómi húsafríðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

■ **48. gr.** Húsafríðunarnefnd stjórnar húsafríðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð<sup>1)</sup> sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem fjáframlög fá úr sjóðnum. Slík framlög eru undanþegin tekjuskatti.

<sup>1)</sup> Rg. 479/1993.

■ **49. gr.** [Útgjöld vegna starfsemi húsafríðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðast úr húsafríðunarsjóði.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 98/1994, 20. gr.

## [VI. kafli. Um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ **[50. gr.** Eigi má flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir, nema formlegt leyfi Þjóðminjasafns Íslands komi til, sjá þó 51. gr.:

1. Forngripi, eldri en 100 ára, hvort sem eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga.
2. Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en 100 ára.
3. Málverk og handgerðar myndir úr hvaða efni sem er ef eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósafkverk sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul. og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.

5. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti, ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.

6. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökín séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.

7. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.

8. Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vögguprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.

9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.

10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.

11. Skjalasöfn en hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.

12. Dýrafræðileg, grasafæðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömuleiðis söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, þjóðflokkafræði eða myntfræði.

13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.

14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

□ Leiki vafi á um aldur minja sem taldar eru í 1.–14. tölul. 1. mgr. þessarar greinar sker þjóðminjaráð úr.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ [51. gr. Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. þeirrar greinar án tillits til verðgildis þeirra.

□ Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 1.200.000 kr. eða meira.

□ Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 4.200.000 kr. eða meira.

□ Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 12.500.000 kr. eða meira.

□ Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst Þjóðminjasafni Íslands.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ [52. gr. Þjóðminjasafni Íslands er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að koma í veg fyrir útflutning menningarminja, jafnt þeirra sem taldar eru í 50. gr. sem annarra, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðardýrgripa eða þær hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Getur þá Þjóðminjasafn Íslands stöðvað útflutning þeirra um stundarsakir meðan leit að er umsagna sérfróðra manna og þar til formleg afstaða ráðuneytisins er fengin. Fallist ráðuneytið eigi á beiðni um útflutningsleyfi er sú niðurstaða bindandi fyrir alla aðila og hið sama gildir um samþykki ráðuneytisins við útflutningi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ [53. gr. Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar fari sá flutningur fram í andstöðu við löggjöf í því ríki sem flutt er frá.

□ Ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar og ákvæði 54. gr., svo og ákvæði 55. gr. að því er varðar skil menningarverðmæta til annarra ríkja, gilda einvörðungu um kröfur um skil frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum sammings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða

við réttmæt skil menningarminja til ríkja er ekki eiga aðild að nefndum samningi hafi minjarnar verið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög.

□ Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum, sem fluttar hafa verið til Íslands með ólögætum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til réttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum 51. gr. um verðmæti þeirra fullnægt. Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til Þjóðminjasafns Íslands sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi, sbr. nánar 54. gr.

□ Við verðgildismat menningarminja skv. 3. mgr. þessarar greinar, sbr. og 51. gr., skal miða við þann dag er Þjóðminjasafni Íslands berst krafa um skil á hlutaðeigandi minjum frá réttum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði hér á landi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ [54. gr. Séu menningarminjar sem fjallað er um í 3. og 4. mgr. 53. gr. í eigu eða vörslu manna hérlendis er eigi vilja láta þær af hendi þegar Þjóðminjasafn Íslands krefst þess, sbr. 53. og 55. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða opinberu dómsmáli, að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögætum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærri yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina Þjóðminjasafns Íslands.

□ Í kröfu um skil menningarminja, sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur, svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögætum hætti.

□ Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. þessarar greinar verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niðurkomnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður heldur ekki komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst. Sé um að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyrta til kirkjulegra minja þar er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár, nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess, gagnvart hlutaðeigandi ríki, að virða lengri frest.

□ Það ríki, er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bera kostnað af þeim skilum, þar með talið málsmeðferð.

□ Þeir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið þeim saknæmur eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með

ólögmætum hætti geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli sem höfðað er til skila minjanna eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti, en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki, er skila krefst, um bætur af þessum sökum. Hefur Þjóðminjasafn Íslands milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa, sem hér um ræðir, verið viðurkennd með dómi eða liggir fyrir formlegur samningur um bætur, þar á meðal dómsátt, getur Þjóðminjasafn Íslands gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ **[55. gr.]** Þjóðminjasafn Íslands annast framkvæmd ákvæða þessa kafla laganna fyrir hönd íslenska ríkisins. Það veitir formleg leyfi til útflutnings menningarminja skv. 50. gr. og jafnframt skv. 52. gr. að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis. Um framkvæmd leyfisveitinga, m.a. um form leyfisskjala, skal farið að nánari reglum er menntamálaráðherra setur. Þjóðminjasafn leggur mat á verðgildi menningarminja skv. 51. gr., sbr. og 53. gr., og annast um framkvæmd skila á menningarminjum til annarra ríkja skv. 53. gr.

□ Ákvarðanir um afgreiðslu umsókna um útflutningsleyfi sem hér um ræðir skulu bornar upp í þjóðminjaráði til staðfestingar. Ágreiningi um leyfisveitingar eða synjanir útflutnings á þessu sviði má skjóta til menntamálaráðuneytis, sbr. nánar ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993. Verður þá ekki af útflutningi fyrr en ráðuneytið hefur heimilað hann og lagt fyrir Þjóðminjasafn Íslands að gefa út leyfisbréf þar að lútandi. Til menntamálaráðuneytis má og skjóta ágreiningi um önnur atriði er lúta að framkvæmd ákvæða þessa kafla.

□ Við mat á gildi menningarminja, er hér um ræðir, svo og um meiri háttar álitafni, skal Þjóðminjasafn Íslands hafa samráð við forstöðumenn þeirra stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni. Þar skal m.a. kalla til forstöðumann Listasafns Íslands um myndlistarverk, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi um handrit, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um bækur og handrit og Þjóðskjalasafns Íslands um skjöl. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

□ Þjóðminjasafn Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og sömuleiðis ber það fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja frá þeim ríkjum hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólögmætum hætti, sbr. 50., 51. og 52. gr., og veitir þeim viðtöku fyrir hönd rétttra eigenda eða vörslumanna hérlendis.

□ Þjóðminjasafn Íslands skal kappkosta að hafa náði samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölbjöldlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal það og leitast við af fremsta megni að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins

með óheimilum hætti. Skulu lögreglufyrirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

□ Tollayfirvöld skulu tafarlaust tilkynna Þjóðminjasafni Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins og hið sama gildir um ólögmætán útflutning.

□ Þjóðminjasafn Íslands til ráðuneytis um allt það er snertir framkvæmd ákvæða þessa kafla starfar þriggja manna nefnd kunnáttumanna er menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal ráðherra skipa formann nefndarinnar sérstaklega en nefndin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við val aðalmanna og varamanna, annarra en formanns og varaformanns, skal þess gætt að einn þeirra hafi sérkunnáttu á sviði listfræði, annar á sviði menningarsögu eða fornminjafræði, þriðji á sviði bókfræði og hinn fjórði á sviði skjalfraði. Varði mál, sem undir nefndina er borið, sérsvið varamanns skal hann fjalla um það mál jafnhliða aðalmonnum. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar og greiðist hún af rekstrarfé Þjóðminjasafns.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ **[56. gr.]** Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði þessa kafla um skil á minjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar. Hið sama tímamark gildir um kröfur íslenskra stjórnvalda um skil menningarminja frá öðrum aðildarríkjum að nefndum samningi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

## **[VII. kafli.]<sup>1)</sup> Almenn ákvæði.**

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ **[57. gr.]<sup>1)</sup>** Hver sá, sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum III. eða V. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ **[58. gr.]<sup>1)</sup>** Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ **[59. gr.]<sup>1)</sup>** [Brot gegn ákvæðum 17. gr., 19.–22. gr., 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 28. gr., 30. gr., 2. mgr. 36. gr., 39. gr., 42. gr., 44. gr. [og 50.–53. gr.]<sup>2)</sup> varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggir við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 60/1996, 3. gr. <sup>3)</sup> L. 98/1994, 21. gr.

■ **[60. gr.]<sup>1)</sup>** Ráðherra setur með reglugerð<sup>2)</sup> nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr. <sup>2)</sup> Rg. 334/1998.

■ **[61. gr.]<sup>1)</sup>** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

□ ...

□ Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

<sup>1)</sup> L. 60/1996, 2. gr.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** [Ráðið skal í allar stöður minjavarða, sbr. 4. gr., fyrir árslok 2000.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 94/1997, 7. gr.